

Mál nr. 239/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs á hringtorgi hinn 22. júní 2020.****Gögn.**

Málskot móttakið 03.07.2020 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 16.07.2020.

Bréf V2, dags. 20.07.2020 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 22. júní 2020 varð árekstur milli A, sem M ók umrætt sinn, og B, á hringtorgi við Fífuhvammssveg í Kópavogi. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi en ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til tjónanefndar vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að M bæri alla sök á umræddum árekstri þar eð hann hefði ekki virt forgang umferðar sem ók um hringtorgið.

M er ósammála þeirri niðurstöðu og segir í málskoti að hann telji sig hafa verið í rétti. Hann hafi verið á undan B inn á hringtorgið en B hafi ekið á of miklum hraða og keyrt á A. Meðal gagna málsins er einnig skrifleg yfirlýsing frá M þar sem hann segist hafa ekið inn í hringtorgið eftir að hafa séð B nálgast, A hafi verið á undan og því „átti þetta að vera alveg í lagi“. B hafi hins vegar greinilega verið á miklum hraða og ekið inn í vinstri hlið A, hugsanlega því hann hefði verið með hugann við annað en aksturinn.

Fyrir nefndinni liggur einnig yfirlýsing frá B þar sem hann segist ábyrgur ökumaður sem virði hraðatakmarkanir. Þá segir hann M fyrst hafa tjáð sér á vettvangi að hann hefði ekki séð B. A hafi ekið inn á hringtorgið á það miklum hraða að mögulega hafi hann ekki virt biðskyldumerki við það, auk þess sem hann hafi ekki gætt nægilega á umferð á hringtorginu.

V1, sem var vátryggjandi A á tjónsdegi, gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var vátryggjandi B á tjónsdegi, segir að B hafi ekið á innri hring hringtorgsins þegar A ók inn á hringtorgið og í veg fyrir B. M beri þá sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sínum um að A hafi verið komin inn á hringtorgið á undan B og að B hafi verið ekið of hratt. Slík sönnun hafi ekki tekist. Sé ljóst að M hafi ekki gætt nægilega að umferð um hringtorgið er bifreið A var ekið yfir biðskyldu og í veg fyrir B. Beri því að fella alla sök á M

Álit:

Í 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna ákvæði um akstur í hringtorgum. Þar segir m.a. ökumaður sem ekur að hringtorgi skuli veita þeim sem aka um hringtorgið forgang. Af ljósmyndum af vettvangi, sem m.a. sýna ákomu á bifreiðarnar verður ekki annað séð en að B hafi þegar verið á hringtorginu þegar A ók inn á það. Þannig samrýmast ákomur bifreiðanna, þ.e. á vinstri hlið A og hægra framhorni B, því að bifreiðarnar hafi rekist saman við að A hafi ekið inn á hringtorgið í veg fyrir B. Staðsetning bifreiðanna, eins og greina má hana af ljósmyndum sem teknar voru í kjölfar atviksins, bendir þá til hins sama. M hefur þannig ekki sýnt fram á eða gert það líklegt að hann hafi þegar verið kominn inn á hringtorgið þegar B ók inn á það, eða að B hafi að öðru leyti hagað akstri sínum með vítaverðum hætti. Verður því miðað við að M hafi vanrækt að virða forgangar umferðar um hringtorg og öll sök lögð á hann.

Niðurstaða.

M, ökumaður A, ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík 8. september 2020

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.